

## SAMÞYKKT

### um breytingu á samþykkt um stjórn Húnaþings vestra, nr. 588/2019.

#### 1. gr.

1. mgr. 32. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Byggðarráð fer ásamt sveitarstjóra og framkvæmdaráði, sbr. 48. gr. samþykktar þessarar, með framkvæmdastjórn og fjármálastjórn sveitarfélagsins að því leyti sem þau mál eru ekki öðrum falin.

#### 2. gr.

7. töluliður B-liðar 45. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
*Veituráð.* Þrír fulltrúar og þrír til vara. Veituráð fer með málefni vatnsveitu, fráveitu, hitaveitu og gagnaveitu, í samræmi við lög um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 32/2004 með síðari breytingum, orkulög nr. 58/1967 með síðari breytingum og lög um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 með síðari breytingum. Auk verkefna sem veituráð hefur með höndum samkvæmt lögum og samþykkt þessari, getur sveitarstjórn falið henni ýmis verkefni með erindisbréfi.

#### 3. gr.

48. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Framkvæmdaráð Húnaþings vestra er skipað sveitarstjóra sem skal vera æðsti yfirmaður ráðsins. Auk sveitarstjóra sitja sviðsstjórar í ráðinu. Hlutverk framkvæmdaráðs er m.a. að hafa ásamt byggðarráði og sveitarstjóra eftirlit með stjórnslu sveitarfélagsins og fjármálastjórn þess, semja drög að fjárhagsáætlun og viðaukum við hana og leggja fyrir sveitarstjórn.

#### 4. gr.

50. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:  
Um ráðningu annarra starfsmanna er vísað til ákvæða mannauðsstefnu Húnaþings vestra.

#### 5. gr.

Við samþykktina bætist nýr viðauki er varðar fullnaðarafgreiðslu skipulags- og umhverfisráðs sem verður viðauki II.

#### 6. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 10. ágúst 2020.*

F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**

*Stefanía Traustadóttir.*

VIÐAUKI II

**um fullnaðarafgreiðslur án staðfestingar sveitarstjórnar eða byggðarráðs með vísan til 60. gr. samþykktarinnar og sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum.**

1. gr.

Skipulags- og umhverfisráð tekur til fullnaðarákvörðunar, án samþykktar byggðarráðs eða sveitarstjórnar, matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálft er framkvæmdaraðili, í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 96/2019, með síðari breytingum og 6. gr. reglugerðar nr. 660/2015.

2. gr.

Sveitarstjórn og byggðarráð skulu hafa eftirlit með afgreiðslu mála sem afgreidd eru með tilvísun til viðauka þessa og geta kallað eftir reglulegum skýrslum um ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli hennar, sbr. 60. gr. samþykktar um stjórn Húnaþings vestra. Sá aðili sem fengið hefur framselt vald til fullnaðarafgreiðslu samkvæmt samþykkt um stjórn Húnaþings vestra og viðauka þessum, getur ávallt óskað eftir því að sveitarstjórn og eða byggðarráð taki ákvörðun í máli.

3. gr.

Óski aðili eftir frekari rökstuðningi við afgreiðslu mála sem afgreidd eru með tilvísun til viðauka þessa eða beri hann fram kvörtun, skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska endurupptöku máls í sveitarstjórn, byggðarráði eða viðkomandi ráði, sbr. 24. gr. stjórnssýslulaga, eftir því sem við á.